

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Fjallabyggð.

Deiliskipulag fyrir brimbrettaaðstöðu í Ólafsfirði.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti 25. janúar 2024 deiliskipulag brimbrettasvæðis við Brimnestungu í Ólafsfirði. Deiliskipulagið felur í sér að varðveita aðalbrotið/brimbrettaöldu í Brimnestungu til framtíðar og skipuleggja brimbrettaaðstöðu ásamt tilheyrandi þjónustu á svæðinu. Markmiðið er að skipuleggja útisvæði og byggð sem styður brimbrettaiðkun og sjósund á svæðinu og fellur vel að landinu. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Fjallabyggð, 22. mars 2024.

Íris Stefánsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 10. apríl 2024